

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 9. nóvember 2020

Efni: Samningur Rio Tinto á Íslandi hf. og Hafnarfjarðabæjar við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Þann 31. desember 2020 rennur út samningur milli Hafnarfjarðarbæjar, Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og Rio Tinto á Íslandi um eflingu íþróttastarf yngri 18 ára iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði.

Sambærilegur samningur hefur verið í gildi um langt árabil og er Rio Tinto á Íslandi stolt af framlagi sínu til stuðnings íþróttastarfs barna og unglunga í bænum. Góður árangur hefur náðst, ekki síst í að auka fagmennsku og menntun í íþróttþjálfun og að jafna hlut kynja í íþróttum með sérstökum jafnréttishvata.

Þrátt fyrir mjög krefjandi aðstæður í fyrirtækinu og mikið tap undanfarin ár hefur verið hægt að standa vörð um samninginn. Hins vegar stendur nú yfir sérstök endurskoðun á starfsemi ISAL sem miðar að því að gera fyrirtækið fjárhagslega sjálfbært til framtíðar. Á meðan því ferli er ekki lokið og ekki er búið að treysta stöðu fyrirtækisins til framtíðar getur fyrirtækið ekki endurnýjað samstarfssamning milli Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto á Íslandi hf.

Virðingarfyllst,



Fh. Rio Tinto á Íslandi hf.

Bjarni Már Gylfason